

Ísland 2020

Stöðuskýrsla

Apríl 2013



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Forsætisráðuneyti: Ísland 2020 stöðuskýrsla
Apríl 2013

Útgefandi: Forsætisráðuneyti
Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu
150 Reykjavík
Sími: 545 8400
Bréfasími: 562 4014
Netfang: postur@for.stjr.is
Veffang: forsaetisraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Forsætisráðuneyti

© 2013 Forsætisráðuneyti

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
1 Markmið og mælikvarðar	4
2 Verkefni	14
2.1 Atvinnustefna	14
2.2 Aukinn jöfnuður og virkari velferð	14
2.3 Áætlun í mannréttindamálum	15
2.4 Efling sveitarstjórnarstigsins	16
2.5 Efling þjóðgarða og umhverfismál ferðaþjónustu	17
2.6 Einföldun, fækkun og samþætting stefna og áætlana	18
2.7 Klasasamstarf í sjávarútvegi og matvælaíðnaði	20
2.8 Fjárfestingaráætlun	20
2.9 Græna hagkerfið	20
2.10 Landsskipulag	21
2.11 Langtímaáætlun í efnahagsmálum og fjármálum hins opinbera	21
2.12 Lífsgæðabókhald og kynslóðareikningar	22
2.13 Menntaáætlun	22
2.14 Miðstöð norðurslóðamála	25
2.15 Mótun höfuðborgarstefnu	25
2.16 Orkuskipti í samgöngum	26
2.17 Sameining háskóla	26
2.18 Sameining rannsókna og atvinnuvegasjóða	27
2.19 Samkeppnishæfni	27
2.20 Samstarfsvettvangur við aðila vinnumarkaðarins	27
2.21 Sanngjarnt og samkeppnishæft skattkerfi	30
2.22 Skapandi greinar	30
2.23 Sóknaráætlanir landshluta	30
2.24 Stefna um erlenda fjárfestingu	31
2.25 Stofnun auðlindasjóðs	31
2.26 Svæðaskipulag Hvítá-Hvítá	32
2.27 Umbótaáætlun	32
2.28 Uppbygging klasa	33
2.29 Vaxtarsamningur um ferðaþjónustu	33
2.30 Vísindapörp í Vatnsmýri	33

Inngangur

[Stefnumörkunin Ísland 2020](#) er framtíðarsýn um öflugra atvinnulíf og samfélag. Breytingar á stefnumörkuninni voru samþykktar í ríkisstjórn í árslok 2010 og var hún þá birt á vef forsætisráðuneytisins. Haustið 2011 var mælanlegum markmiðum stefnunnar komið á myndrænt form og voru þeir einnig birtir til að auðveldlega sé hægt að fylgjast með hvernig stjórnvöldum gengur að ná settum markmiðum.

Með stefnunni voru settar fram 30 aðgerðir/verkefni sem ætlað er að vera fyrstu skref í átt að Íslandi 2020. Verkefnin og markmiðin eru á ábyrgð mismunandi ráðuneyta, eins eða fleiri. Forsætisráðuneytið hefur haldið utan um framkvæmd stefnunnar í samvinnu við öll ráðuneyti og haldið reglulega samráðsfundi með ábyrgðaraðilum verkefnanna í ráðuneytunum. Á síðastliðnu ári hefur verið haldinn einn fundur ábyrgðaraðila verkefna, en hann var haldinn þann 25. október sl. Á þeim fundi var farið yfir markmið og aðgerðir velferðarráðuneytis en einnig rætt um verkefnastjórnun og aðferðir við að halda utan um verkefnin.

Gefin var út [stöðuskýrsla í apríl 2012](#) þar sem stöðu verkefna í Ísland 2020 var lýst. Þessi skýrsla greinir frá þróun verkefna síðan þá. Aðallega er fjallað um þau verkefni þar sem framfarir hafa orðið síðastliðið ár en vísað til fyrri skýrslu varðandi hin verkefnin. Einnig er greint frá stöðu markmiðanna og sýnt myndrænt hvernig gengur að ná þeim.

1 Markmið og mælikvarðar


Markmið Íslands 2020 eru eftirfarandi:

- 1) Að lækka hlutfall íbúa með 75% örorkumat á aldrinum 18-66 ára úr 7,3% í 5,7% árið 2020.

Staða: 7,47% árið 2011.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Eining: %




- 2) Að lækka hlutfall atvinnulausra úr 7% árið 2010 í 3% af heildarvinnuafli árið 2020.

Staða: 4,7% á 4. ársfjórðungi 2012.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Eining: %




- 3) Að auka jöfnuð á Ísland með lækkun Gini stuðuls fyrir ráðstöfunartekjur í um 23 árið 2020.

Staða: 23,6 árið 2011.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Eining: Stuðull




- 4) Að bæta stöðu jafnréttismála þannig að gildi jafnréttisvísitölunnar global gender gap index verði nálægt 0,9 árið 2020.

Staða: 0,86 árið 2012.

Ábyrgð Velferðarráðuneytið og forsætisráðuneytið.

Eining: Score




- 5) Að auka vellíðan og góða andlega heilsu þannig að meðaltal mælinga, samkvæmt vellíðanarkvarðanum hækki úr 26,6 árið 2009 í 28 árið 2020.

Staða: 26,7 árið 2011.

Ábyrgð Velferðarráðuneytið.

Eining: Gildi




- 6) Að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25-64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020.

Staða: 29,3% árið 2011.

Ábyrgð Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Eining: %




- 7) Að 4% af landsframleiðslu sé varið til rannsókna, þróunar og nýsköpunar og að hlutfall framlags fyrirtækja verði 70% á móti 30% framlagi ríkisins í samkeppnissjóði og markáætlanir.


Staða: 3,1% árið 2009, 49% frá fyrirtækjum og 40% frá ríkinu.

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Eining: %



Eining: %




- 8) Að Ísland verði meðal 10 efstu þjóða árið 2020 í rafrænni stjórnsýsluvísitölu og rafrænni þátttökuvísitölu Sameinuðu þjóðanna.


Staða: 22. sæti í rafrænni stjórnsýsluvísitölu og 82. sæti í rafrænni stjórnsýsluvísitölu árið 2012.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Eining: Sæti í rafrænni stjórnsýsluvísitölu



Eining: Sæti í rafrænni þátttökuvísitölu



- 9) Að hátæknifyrirtæki skapi 10% af landsframleiðslu og 15% af gjaldeyrstekjum árið 2020.

Staða: Ekki unnt að mæla.


Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

- 10) Að í samgöngum og sjávarútvegi verði a.m.k. 10% orkugjafa af endurnýjanlegum uppruna árið 2020.

Staða: 0,466% árið 2011.

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið og innanríkisráðuneytið.

Eining: %




- 11) Að Ísland taki að sér sambærilegar skuldbindingar og önnur Evrópuríki gagnvart loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna árið 2020 og nettólosun gróðurhúsalofttegunda utan viðskiptakerfis lækki um 38% frá árinu 2008.

Staða: 2.653 þús. tonn árið 2008.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Eining: Þús. tonn



12) Að vistvæn nýsköpun og afurðir hennar verði helsta vaxtargreinin næsta áratug og vaxi um 20% árlega.

Staða: Ekki unnt að mæla.


Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

13) Að árið 2020 gangi 75% nýskráðra bifreiða, undir fimm tonnum að þyngd, fyrir endurnýjanlegum orkugjafa.

Staða: 5,34% árið 2011.

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið og innanríkisráðuneytið.

Eining: %




14) Að hlutfall innlendar matvöru í matvöruneyslu landsmanna aukist um 10% fyrir árið 2020.

Staða: 76,3% árið 2011 (1,5% aukning frá 2010).

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Eining: %




15) Að árið 2020 verði færni íslenskra grunnskólanemenda sambærileg við 10 efstu þjóðir samkvæmt OECD PISA rannsókninni á lesskilningi og læsi á stærðfræði og raungreinar.

Staða: 15. sæti í lestri, 18. sæti í stærðfræði og 28. sæti í raungreinum árið 2009 (Pisa 2012 kemur út í desember 2013).

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Eining: Sæti, gildi Flokkur: Sæti




16) Að opinberar skuldir verði ekki hærri en 60% af landsframleiðslu árið 2020.

Staða: 101,1% árið 2011.

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Eining: %




17) Að verðbólga árið 2020 verði ekki yfir verðbólguþröskulmarkmiði Seðlabanka Íslands, þ.e. nú ekki hærri en 2,5%.

Staða: 3,9% í mars 2013.

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Eining: %



18) Að langtímaþvætti árið 2020 verði ekki hærri en tvö prósentustig umfram þvætti í þeim þremur ríkjum ESB þar sem verðbólga er lægst.

Staða: Ekki unnt að mæla.


Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

19) Að Ísland verði meðal fimm efstu þjóða á kvarða þróunarstuðuls Sameinuðu þjóðanna (HDI).

Staða: 13. sæti árið 2013.

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, velferðarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Eining: Sæti



20) Að vöxtur framfarastuðulsins (GPI) haldist ætíð sá hinn sami og vöxtur þjóðarframleiðslu.

Staða: Ekki unnt að mæla.

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Mælikvarðana má finna á slóðinni <http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/maelikvardar/> og eru þeir uppfærðir um leið og nýjar tölur eru tiltækar.

2 Verkefni

2.1 Atvinnustefna

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Í upphafi árs 2012 hófst vinna verkefnisstjórnar við móttun atvinnustefnu fyrir Ísland með það að markmiði að skapa atvinnulífi samkeppnishæft rekstrarumhverfi og hafa jákvæð áhrif á vöxt og viðgang atvinnugreina. Á þeim grunni verða til ný og fjölbreytt störf sem byggja á styrkleikum og sérstöðu Íslands. Með þessi markmið í forgrunni hófst umfangsmikil mótunar- og hugmyndavinna sem byggði fyrst og fremst á víðtæku samráði við fjölda hagsmunaaðila og sérfræðinga. Leitað var eftir þátttöku atvinnulífs, menntastofnana, samtaka atvinnurekenda og launþega, stofnana auk fjölda annarra hagsmunaaðila sem málið varðar og voru haldnir fjölmennir vinnufundir til undirbúnings og greiningar. Þá störfuðu fjöldi verkefnahópa sem lögðu fram tillögur og ábendingar sem nýttust við móttun stefnunnar sjálfrar og framkvæmd hennar. Grundvöll stefnunnar má því rekja til þess víðtæka samráðs sem hér hefur verið lýst auk áður nefndra markmiða og áherslna. Þá tók verkefnisstjórn tillit til fjölda tillagna og ábendinga. Frumdrög stefnunnar verða kynnt á næstunni þar sem kynnt er framtíðarsýn, markmið og leiðir atvinnustefnu fyrir Ísland. Stefnunni mun einnig fylgja tímasett aðgerðaáætlun sem mun liggja fyrir um mitt ár 2013 í kjölfar samráðs og rýnivinnu ráðuneyta, stofnana og annarra þátttakenda við gerð stefnunnar.

2.2 Aukinn jöfnuður og virkari velferð

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Starf velferðarráðuneytisins byggir á hugmyndafræði um aukinn jöfnuð og virka þátttöku allra í samfélaginu. Í þeim tilgangi hefur ráðuneytið unnið að endurskoðun laga um almannatryggingar þar sem sérstök áhersla hefur verið lögð á að bæta stöðu eldri borgara. Ráðuneytið hefur einnig unnið að því að draga úr fjölgun öryrkja með því að styrkja möguleika og getu þeirra til þess að vera að þátttakendur í samfélaginu. Undirbúningur er hafinn að gerð nýs starfsgetumats sem er einn liður í þeirri viðleitni. Jafnframt hefur verið unnið að því að tryggja afkomu tekjulægstu hópa samfélagsins, auka jöfnuð og útrýma langtímafátækt. Loks leggur ráðuneytið áherslu á það í starfi sínu að þeim sem vegna sjúkdóma, fötlunar, aldurs eða félagslegra aðstæðna geta ekki tekið virkan þátt í samfélaginu sé veitt viðeigandi þjónusta og hjálp til sjálfshjálpar.

Árið 2010 voru félags- og tryggingamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið sameinuð í eitt ráðuneyti, velferðarráðuneytið. Í framhaldi af sameiningunni var mótuð stefna um starfshætti og verklag ráðuneytisins og var hún endurskoðuð í byrjun árs 2013. Sú vinna hefur verið leiðarljós þeirra aðgerða sem unnið hefur verið að á árinu 2012/2013 og er eitt af fimmtán markmiðum ráðuneytisins um að styrkja hlutverk þess á sviði stefnumótunar og áætlanagerðar.

Í framhaldi af fjölmönnum samráðsfundi fjölmargra hagsmunaaðila í velferðarmálum var unnið áfram að móttun nýrrar stefnu og aðgerðaáætlunar í heilbrigðismálum til ársins 2015.

Velferðarráðherra lagði síðan fram á vorþingi 2013 tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020. Stefnan hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

Velferðarstefnan/heilbrigðisáætlunin til 2020 gerir í stuttu máli grein fyrir erlendri og innlendri stefnumótun síðustu ára og helstu viðfangsefnum næstu ára. Fjallað er um framtíðarsýn og stefnu í velferðarmálum og lögð fram aðgerðaáætlun til ársins 2020 þar sem sett eru fram markmið, mælikvarðar og aðgerðir sem stuðla að auknu heilbrigði þjóðarinnar auk þess sem ábyrgðaraðilar aðgerða eru skilgreindir. Í lokin er gerð grein fyrir því hvernig áætluninni verður fylgt eftir og árangur hennar metinn. Með stefnunni vill velferðarráðuneytið leggja sitt af mörkum til samfélagsþróunar sem styður við lýðheilsu og stuðlar að félagslegum jöfnuði og vellíðan íbúa landsins. Helstu málaflokkar sem fram koma í áætluninni eru:

- Jöfnuður í heilsu og lífsgæðum.
- Forvarnir og lífsstílstengdir áhrifaþættir heilsu.
- Örugg og heildstæða velferðarþjónusta.

Í byrjun árs 2012 samþykkti Alþingi framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Í áætluninni koma fram stefna í málaflokki fatlaðs fólks til ársins 2020 og framkvæmdaáætlun til ársins 2014 en þar eru skilgreind átta málavíð sem eru:

- aðgengi
- atvinna
- félagsleg vernd/sjálfstætt líf.
- heilbrigði
- ímynd og fræðsla
- jafnrétti
- menntun
- þátttaka.

Í byrjun mars sl. samþykkti alþingi framkvæmdaáætlun í barnavernd fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2014.

Við gerð þessara stefna og áætlana sem fyrir er lýst hefur verið lögð áhersla á samþættingu þeirra við fimm markmið Íslands 2020 í velferðarmálum. Sjá stöðu markmiða 1-5 í kafla 1.

Velferðarráðuneytið mun á árinu 2013 í enn ríkari mæli tengja aðgerðaráætlanir við fyrrgreind markmið og munu þær verða rýndar eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti. Stofnanir ráðuneytisins munu upplýsa um framvindu þeirra verkefna sem að þeim snúa við undirbúning fjárlaga fyrir árið 2014.

2.3 Áætlun í mannréttindamálum

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Tillögu til þingsályktunar um áætlun í mannréttindamálum til fjögurra ára, 2013 til 2016, var dreift á Alþingi í byrjun mars 2013, en Alþingi tók tillöguna ekki til umræðu.

Markmið áætlunarinnar er að styrkja innviði samfélagsins til þess að tryggja að mannréttindasjónarmið hafi aukin áhrif á stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku stjórnvalda og stuðla að aukinni mannréttindavernd.

Hér er um að ræða fyrstu áætlun í mannréttindamálum sem gerð hefur verið á Íslandi en fjölmörg ríki hafa farið þá leið til þess að tryggja gæði í vernd og framkvæmd mannréttinda. Hugmyndin á rætur að rekja til alþjóðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi í Vínarborg árið 1993, en þar var mælt til þess að öll aðildarríki SP ynnu aðgerðaáætlanir í því skyni.

Tillagan var lögð fram í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og verkefnið Ísland 2020. Fulltrúi innanríkisráðuneytisins leiddi undirbúning áætlunarinnar en hún var unnin í nánú samstarfi fulltrúa allra ráðuneyta. Við undirbúninginn var meðal annars litið til norræna fyrirmynda að áætlunum í mannréttindamálum, fjölda athugasemda frá alþjóðlegum aðilum sem sinna eftirliti með mannréttindaskuldbindingum Íslands og niðurstaðna úr opinni fundaröð um mannréttindamál sem innanríkisráðuneytið hefur staðið fyrir. Leitast var við að eiga víðtækt samráð við ólíka aðila innan stjórnarráðsins og undirstofnana, sem og við hagsmunaaðila, fræðasamfélagið og frjáls félagasamtök.

Innanríkisráðuneytið fól í tengslum við vinnuna Mannréttindastofnun Háskóla Íslands að vinna úttekt á áætlunum í mannréttindum annars staðar á Norðurlöndum og stöðu þarlendrar sjálfstæðra mannréttindastofnana. Áætlanir og undirbúningur þeirra voru greindar og dregnir fram meginþættir sem mikilvægt væri að líta til við undirbúning áætlunar af þessum toga fyrir Ísland. Umfjöllunin tók mið af handbók Sameinuðu þjóðanna um gerð landsáætlana í mannréttindum, auk þess sem stofnun sjálfstæðra mannréttindastofnana, aðdragandi stofnunar þeirra og hlutverk í stofnanakerfi ríkjanna voru greind. Að auki var sérstaklega litið til landsáætlunar Finnlands um grundvallarréttindi og mannréttindi sem samþykkt var af finnska þinginu í janúar 2012.

Við undirbúninginn var enn fremur stuðst við samantekt sem ríkisstjórnin fól Guðfríði Lilju Grétarsdóttur að vinna um mannréttindastarf stjórnvalda og greina lykilþætti úrlausnarefna sem stjórnvöld stæðu frammi fyrir. Niðurstöður hennar voru kynntar ríkisstjórninni í september 2012.

Í tengslum við vinnslu áætlunarinnar var komið á laggimar svæði fyrir [landsáætlun](#) á heimasíðu innanríkisráðuneytisins þar sem má nálgast gögn sem vísað er til í áætluninni, samantekt úr fundaröð sem ráðuneytið stóð fyrir í tengslum við mótun áætlunarinnar og gagnlegum tenglum.

2.4 Efling sveitarstjórnarstigsins

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Hinn 14. mars 2011 skipaði innanríkisráðherra nefnd sem var falið að vinna að frekari eflingu sveitarstjórnarstigsins. Nefndin fór yfir stöðu verkefna sem miða að því að efla sveitarstjórnarstigið og hafa verið í vinnslu á vettvangi stjórnvalda og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin ákvað að standa fyrir umfangsmikilli könnun meðal sveitarstjórnarfulltrúa og alþingismanna um afstöðu þeirra til ýmissa mála er varða

Lýðræðismál, sameiningarmál og samvinnu sveitarfélaga og voru niðurstöður kynntar á málþingi um eflingu sveitarstjórnarstingsins á Akureyri 10. febrúar 2012.

Fljótlega eftir að nefndin hóf störf komst hún að þeirri niðurstöðu að styrkja bæri starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga og efla þau enn frekar og hefur því verið fylgt eftir með markvissum hætti.

Í [skilagrein nefndarinnar](#) frá 25. febrúar 2012 er síðan gerð grein fyrir tillögum hennar sem eru samtals 23 og varða m.a. mannréttindamál, lýðræðismál, þátttöku borgara og rafræna stjórnsýslu. Þá voru lagðar fram tillögur um verkefni sem varða verkskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem og tekjustofna auk verkefna sem varða sameiningu og samvinnu sveitarfélaga.

Unnið hefur verið með tillögur nefndarinnar m.a. í stýrihópi um rafræna stjórnsýslu þar sem unnið var frumvarp sem heimilar ráðherra, að beiðni viðkomandi sveitarstjórnar, að víkja frá ákvæðum X. kafla sveitarstjórnarlaga þannig að íbúakosning fari eingöngu fram með rafrænum hætti og/eða að kjörskrá vegna íbúakosninga verði rafræn. Verkefnið getur rutt braut fyrir innleiðingu rafrænna lausna við lögbundnar kosningar. Frumvarp nefndarinnar var síðan samþykkt vorið 2013.

2.5 Efling þjódgarða og umhverfismál ferðapjónustu

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Verkefnið er skref í átt að því að tryggja grundvöll og grunngerð ferðapjónustu og eykur þannig möguleika á vistvænni nýsköpun. Verkefnið snýst um að tryggja að umhverfi friðlýstra svæða sé varðveitt með vandaðri uppbyggingu á innviðum fyrir ferðamenn þannig að vöxtur í ferðapjónustu og heimsóknir í þjódgarða og önnur friðlýst svæði valdi ekki röskun eða spjöllum á náttúru- og menningarminjum.

Til að standa straum af þessu var stofnaður Framkvæmdasjóður ferðamannastaða (2011) en hann er fjármagnaður með gistináttaskatti (3/5 hluti þess rennur til sjóðsins, 2/5 til UAR). Þar að auki renna 500 milljónir kr til sjóðsins á fjárlögum 2013 (fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar). 250 milljónir af fjárfestingaráætlun renna til UAR vegna þjódgarða og friðlýstra svæða.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða vinnur eftir sérstökum starfsreglum og tekur sérstakt tillit til þeirra staða sem UST hefur sett á svokallaðan „rauðlista“.

Verkefninu var skipt upp í verkþætti og verkhluta. Fyrir hvern áfanga eru áfanganiðurstöður og/eða ákvarðanir tilgreindar. Sett er upp tímaáætlun fyrir verkefnið og verkþáttum raðað þannig að úr þeim verði unnið á sem hagkvæmastan hátt.

1. Frumvarp um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða var lagt fram á Alþingi á vorþingi 2011 og samþykkt. LOKIÐ.

2. Sjóðurinn tók til starfa 1. september 2011 og var fyrsta úthlutun í febrúar 2012 en síðan hefur verið úthlutað þrisvar úr sjóðnum (samtals 650 millj. kr). Ótímabundið verkefni.

3. Umhverfisráðuneytið mótar reglur um notkun þess hluta gistináttgjalds og farþegagjalds sem rennur til umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Í vinnslu.

4. Ferðamálastofa og Umhverfisstofnun móti sameiginlega þarfagreiningu og kortlagningu á þörf fyrir uppbyggingu á friðlýstum svæðum. Í vinnslu.

Verkefnið nær til uppbyggingar á öllum friðlýstum svæðum á Íslandi. Friðlýst svæði á Íslandi eru rúmlega eitt hundrað talsins og eru ýmist í umsjón Umhverfisstofnunar, sveitarfélaga eða lögaðila. Efling svæðanna lýtur m.a. að því að bæta aðgengi og umhverfi friðlýstra svæða, uppbyggingu mannvirkja til þjónustu, fræðslu og varðveislu svæðanna.

2.6 Einföldun, fækkun og samþætting stefna og áætlana

Ábyrgð: Forsætisráðuneytið og öll önnur ráðuneyti.

Staða: Afurðir liggja fyrir og bíða innleiðingar.

Markmið með verkefninu var að bæta yfirsýn og vinnubrögð, m.a. með því að samhæfa stefnur og áætlanir og fækka þeim. Jafnframt er ætlunin að sjá hvernig tengja megi stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta við undirbúning fjárlaga og tryggja að árangursmat og eftirlit sé alltaf fyrir hendi. Samhliða því að þekking og reynsla starfsfólks stjórnvalda á stefnumótun og áætlanagerð aukist.

Starfshópur fulltrúa allra ráðuneyta hefur lokið störfum. Hópurinn fundaði vikulega í tæpt ár og nýtti sér þá nýsköpun að nota sameiginlega málaskrá þvert á ráðuneytin. Reynslan af því var góð. Afurðirnar eru eftirfarandi:

- „Lifandi“ yfirlit yfir allar stefnur og áætlanir ríkisins (lögbundnar og ólögbundnar)(sjá mynd 1).
- Skýrsla með yfirliti yfir stefnumótun og áætlanagerð og sjö tillögum að samræmdu skipulagi og vinnulagi við ytri stefnumótun og áætlanagerð innan Stjórnarráðsins. Tillögurnar þegar kynntar fyrir ráðuneytisstjórum.
- Handbók um grunnferli opinberrar stefnumótunar og áætlanagerðar til innleiðingar í Stjórnarráðinu.
- Ferill innan forsætisráðuneytisins þar sem boðið er upp á greiningu á stefnum og áætlunum innan Stjórnarráðsins til ábendinga og samhæfingar við gerð þeirra.

Meðal helstu tillagna hópsins er að komið verði á fót miðlægri einingu til að samhæfa stefnumótun og áætlanagerð með það að markmiði að bæta yfirsýn og vinnubrögð innan Stjórnarráðsins og tengja stefnumótun og áætlanagerð við fjárlagaferlið. Það er mat starfshópsins að fela beri sérstöku stýrineti á vegum forsætisráðherra að gegna samhæfingarhlutverki á sviði stefnumótunar og áætlanagerðar. Þannig verður yfirsýn og samhæfing við stefnumótun og áætlanagerð innan Stjórnarráðsins bætt.

Stefnur og áætlanir	Ábyrgð	Var hún samþykkt af Alþingi	Ár	Tímarammi	Er hún tengd við fjárhéimildir	Eru markmið	Fylgja aðgerðir (aðgerðar áætlan)	Eru skilgreindir mælikvarðar	Eru skilgreindir ábyrgðar- og/eða framkvæmdaáttir	Var hún unnin í samráði við hagsmunaaðila	Er gert ráð fyrir árangursmat
Aðgerðaaetlan í haddrættismálum	IRR		Í undirbúningi								
Aðgerðaaetlan í loftslagsmálum	UMH	Nei	2010	2010-2020							
Aðgerðaaetlan í mállefnum ungs fólks (18-35 ára)	VEL/MMR		Í vinnslu	2013 -							
Aðgerðaaetlan til fjóðurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna (var samp. á alþingi)	VEL		Í undirbúningi								
Aðgerðaaetlan um kynbundið ofbeldi	VEL		Í vinnslu	2012 - 2016							
Aðgerðaaetlan um launajafnrétti kynjanna	VEL		Í vinnslu	2012 -							
Almannavarna- og öryggisáætlan	IRR	Nei	2012-2015	2012-2015							
Atvinnustefna	ANR	*	2012	2012-2020							
Áætlun í jafnréttismálum 2011 - 2014	VEL	ja	2011	2011-2014						?	
Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 frá árinu 2000 um konur, frið og öryggi	UTN	Nei	2008	Endursk e. 3 ár							
Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011-14**	UTN	ja	2011	2011-2014							
Áætlun um losun galdeyrishafta	EVR		2011	Ótímabundin							
Áætlun um réttaröryggi	IRR		Í undirbúningi								
Búnaðarlagsáætlun	ANR/FJR	Á grundvelli laga	2010	2011-2012							
Búvörusamningar	ANR/FJR	Á grundvelli laga	2007	2008-2013							
Byggingaaetlan 2010-2013	ANR	ja	2010	2010-2013							
Efnahagsáætlun	EVR		2011	Endurskoðað reglugæsla							**
Eigandastefna ríkisins, fjármálaþyrskoti	FJR		2009	Ótímabundin							
Einföldunaráætlun (gamla landbúnaðarráðuneytið)	ANR		2007	2007-2009							
Einföldunaráætlun (gamla sjávarútvegsráðuneytið)	ANR		2007	2007-2009							
Ferðamálaáætlun 2011-2020	ANR	ja	2011	2011-2020							
Fjárfestingaaetlan	IRR	ja	2012	2011-2022							
Framkvæmdaaetlan í jafnréttismálum lögbundin	VEL/FJR	ja									
Framkvæmdaaetlan um lífræðilega fjölbreytni	UMH	Nei	2010	Skammtíma, sumar áðg. Tímasettar							
Framkvæmdaaetlan um varnir gegn mengun sjávar frá landi	UMH	Nei	2001	Ótímabundin							
Framkvæmdaaetlan um málefni fatlaðs fólks (þingsályktunartilfaga)	VEL	(X)	Í þinginu	2011-2014							
Framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks	VEL		Í bið	Ótímabundin							
Framtíðarskipan fjármálaþyrskotis	EVR		2012	Ótímabundin							
Hafið - stefna íslenskra stjórnmála	SLR/UMH/UTN	Ríkisstjórn	2004	Ótímabundin						?	
Heildarstefna í mállefnum hafans	UTN/UMH/SLR	Nei	2004	Nei							
Húsnáðisstefna	VEL		2011	Ótímasett							
Hvítbók um náttúruvernd	UMH	Nei	2011	Ótímabundin							
Hönnunarstefna (ásamt MMR)	IDN/MRN	*	2013	Til kynningar							
Innkaupastefna ríkisins - hagkvæmni, samkeppni, ábyrgð og gagnsæi	FJR		2008-2011								
Landgræðsluáætlun	UMH	ja	2002	2003-2014							
Landsáætlun í mannréttindamálum	IRR		Í undirbúningi								
Landsáætlun um meðferð úrgangs	UMH	Nei	2004	2004-2013							
Landskilutvæfni í skógrækt (lög)	SLR	ja	2006	Áætlanir til 40 ára						?	
Landskilvæðingastefna	UMH	ja	Í vinnslu	2012-2024							
Lýfjæfna	VEL		Í vinnslu	2013 - 2015							
Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010	MRN	ja	2010	Ótímabundin							
Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 - Aðalnámskrá framhaldsskóla	MRN	ja	2011	Ótímabundin							
Lög um grunnskóla nr. 91/2008 - Aðalnámskrá grunnskóla	MRN	ja	2011	Ótímabundin							
Lög um háskóla nr. 63/2006	MRN	ja	2006	Ótímabundin							
Lög um leikskóla nr. 90/2008 - aðalnámskrá leikskóla	MRN	ja	2011	Ótímabundin							
Löggræðsluáætlun	IRR	Nei	2007	2007-2011							
Mannréttindaáætlun (þingsályktun)	IRR	fyrir þingi	2013	2012-2016							
Mannréttindi í íslensku utanríkisstefnu	UTN	Nei	2007	Nei							
Meningastefna í mannvirkjagæð - stefna íslenskra stjórnmála / bygg	MRN	Nei	2007	Ótímabundin							
Nám er vinnandi vegur - áttálf starfsmenntun	MRN/VEL	Nei	2011	2012-2013							
Náttúruverndaráætlun	UMH	ja	2010	2009-2013							
Netrið Ísland	FOR	Nei	2008	2008-2012							
Orkuskipti í samþingum	IDN	*	2012	2011-2020							Nei**
Orkuskipti í samþingum	IDN	Nei	2011	Ótímabundin							
Rammaáætlun	IDN	*	2012	2012-2016							
Ríkisbókupúningur 2012-2015, skýrsla um áætlun í ríkisfjármálum	FJR		2011	2012-2015							
Samþingaaetlan	IRR	ja	2011	2011-2022							
Samningar um kennslu og rannsóknir háskóla	MRN	Nei	2012	2012-2016							
Samningar við þekkingarnet og fræðslumáttstöðvar	MRN	Nei	2011	2011-2013							
Samstarfsnet háskóla	MRN	Nei	2010	2010-2012							
Sókn gegn krabbameini - stefna/áætlun	VEL		Í undirbúningi								
Stefna í hánamálum ríkisins 2011-2014	FJR		2012	2012-2015							
Stefna í mállefnum aldraðra	VEL	Nei	2003	2003-2015							
Stefna í upplýsingastjórnun á velferðarsviði	VEL		Í vinnslu								
Stefna í vinnumarkaðsmálum	VEL		Í vinnslu								
Stefna í vinnuverndamálum (undirbúningur þingsályktunartilfögu f. haustið)	VEL		Fyrirhuguð								
Stefna Íslands í mállefnum Norðurljóða *	UTN	ja	2011	Nei							
Stefna og aðgerðaaetlan í heilbrigðismálum 2012-2015	VEL	X	Í vinnslu	2013-2015							
Stefna um árangursríkan ríkisrektor	FJR		2007	Ótímabundin							
Stefna um upplýsingasamfélagið	IRR	Nei	2008	2008-2012							
Stefna um vaxandi innkaup ríkisins, ríkið sem upplýstur vistvænn kaup	FJR/UMH		2009	Ótímabundin							
Stefna Vísinda- og tækniráðs (þátttaka ásamt MMR o.fl.)	IDN/MRN	nei	2010	2010-2012							
Stefnumótun í þróttmálum	MRN	Nei	2011	2010-2015							
Stefnumótun í kvikmyndamenntun	MRN	Nei	Í vinnslu								
Stefnumótun í menningarmálum	MRN	Nei	Í vinnslu								
Stefnumótun í menntunarmálum fanga	MRN	Nei	2008								
Stefnumótun um starfþróun og áminntun kennara	MRN	Nei	Í vinnslu								
Stefnumörkun í ársana og vinnuvörnum	VEL/IRR	X	Lögd fyrir ráðherra	2013 -							
Stefnumörkun í gæðamálum (skoðað í tengtum við heilbrigðisáætlun) - útrunin 2010 en er fyrirhuguð fyrir 2013	VEL		Fyrirhuguð								
Stefnumörkun í loftslagsmálum	UMH	Nei	2007	2007-2020							
Stefnumörkun í skógrækt	UMH	Nei	Í vinnslu								
Stefnumörkun í töbaksvörnum	VEL		Í undirbúningi								
Stefnumörkun um lífræðilega fjölbreytni	UMH	Nei	2008	Ótímabundin							
Útvistarstefna ríkisins: Ríkið sem upplýstur kaupandi þjónustu	FJR		2006	Ótímabundin							
Varnir gegn bólfjárskúðum	SLR		2008	Ótímasett							
Velferð til framtíðar (VTF), stefnumörkun Íslands á sviði sjálfbærrar þróunar (einkum umhverfisverndar og auðlindanýtingar) 2002-2020	UMH	Nei	2002	2010-2014							
Velferðastefna	VEL	Liggur fyrir þingi	2013	2013-2020							
Vísinda- og tækniráð - Byggt á styrkingu stöðum	MRN/IDN	Nei	2009	2010-2012							
Þingsályktun um framkvæmdaaetlan í mállefnum innflytjenda	VEL	ja	Endurskoðun	2006-							
Þjóðaröryggisáætlun fyrir Ísland	UTN		Í vinnslu								
Þriggja ára áætlun; innleiðing kynjaþæfingar og fjárfleggerðar;	FJR		2011	2011-2014							
Öryggisáætlun fyrir rafnetið stjórnstjóla á Íslandi - skýrsla og tillög dre	FJR		2001	Ótímabundin							

■ = Já
■ = Já hluta
■ = Nei

2.7 Klasasamstarf í sjávarútvegi og matvælaíðnaði

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Stefnt er að því að fella áherslur um klasasamstarf í sjávarútvegi og matvælaíðnaði undir atvinnustefnu. Við gerð atvinnustefnu verður horft sérstaklega til uppbyggingar og stuðnings við klasa, þá sérstaklega á sviði sjávarútvegs, matvælaíðnaðar auk annarra atvinnugreina. Áhersla verður lögð á markvissan stuðning stoðkerfis atvinnulífs og áherslur á nýsköpun og þróun. Þess skal þó getið að nú þegar er í gangi verkefni sem ber nafnið "Íslenski sjávarklasinn" þar sem búið er að vinna mikla undirbúnings- og greiningarvinnu. Vinnan hefur fyrst og fremst verið á ábyrgð hagsmunaaðila greinarinnar. Markmið og tillögur á þessu sviði verður að finna í atvinnustefnu en áætlað er að drög hennar muni liggja fyrir í apríl 2013.

2.8 Fjárfestingaráætlun

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

[Fjárfestingaráætlun](#) fyrir Ísland 2013-2015 var kynnt vorið 2012 með fyrirvara um fjármögnun en fjármagn var síðan tryggt í nóvember 2012 og áætlunin kynnt að nýju. Markmið fjárfestingaráætlunar er að styðja við hagvöxt og fjölbreytni í atvinnulífi. Ráðherranefnd um atvinnumál mun fylgja áætluninni eftir í samvinnu við fagraðherra, eftir því sem við á.

2.9 Græna hagkerfið

Ábyrgð: Forsætisráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Samkvæmt verklýsingu í Ísland 2020 er vísað í heildstæðar tillögur þverpólitískrar nefndar skv. ákvörðun Alþingis. Nefndin hefur skilað af sér og Alþingi samþykkt 20. mars 2012 þingsályktunartillögu um að forsætisráðherra verði falið að stýra mótun aðgerðaáætlunar um grænt hagkerfi á grundvelli tillagna nefndarinnar um eflingu græna hagkerfisins. Aðgerðirnar skulu miða að því að Ísland skipi sér í fremstu röð á alþjóðavettvangi, sem grænt hagkerfi, með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni. Sjá [þingsályktunartillögu](#).

Verkefnastjórn um eflingu græna hagkerfisins skilaði [aðgerðaráætlun](#) sinni til forsætisráðuneytisins í janúar á þessu ári. Hefur ný verkefnastjórn verið skipuð sem hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd aðgerðaráætlunarinnar og móta nýja fyrir árið 2014. Stefnt er að því að flestum verkefnum skv. þingsályktuninni verði lokið árið 2015. Þá hefur umhverfis- og auðlindaráðuneyti verið falin framkvæmd ýmissa verkefna tengdum græna hagkerfinu skv. fjárlagalið 01-283 (6.51) *Græna hagkerfið, ýmis verkefni*, er mælir fyrir um 280 milljóna króna fjárveitingu til ýmissa verkefna skv. þingsályktuninni.

2.10 Landsskipulag

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2013-2024, var lögð fram á Alþingi í febrúar en náði ekki fram að ganga. Með nýjum skipulagslögum sem tóku gildi árið 2011 voru í fyrsta skipti sett hér á landi ákvæði um landsskipulagsstefnu, en löggin gera ráð fyrir að stefnan sé sett til 12 ára. Tillagan gerir ráð fyrir að stjórnvöld vinni á árunum 2013 til 2024 að skipulagsmálum í samræmi við stefnuna, þ.á.m. taki mið af henni við gerð skipulagsáætlana og, eftir því sem við á, samræmi skipulagsáætlanir landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt stefnunnar.

Markmið landsstefnu er að setja fram leiðarljós um nýtingu lands og landgæða sem á að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana um leið og hún stuðlar að sjálfbærri þróun og skilvirki áætlanagerð. Þá er það mikilvægt hlutverk landsskipulagsstefnu að samþætta áætlanir á landsvísi sem varða landnotkun.

Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu felur í sér þrjár meginstefnur, þ.e. stefnu um skipulagsmál á miðhálandi Íslands, stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar og stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum.

Hver stefna er sett fram með ferns konar hætti, þ.e. fyrst er gerð grein fyrir leiðarljósum, þá markmiði stefnu, leiðum að markinu og að lokum eftirfylgni og viðmið. Þannig er stefnan gerð mjög skýr og aðgengileg.

Tillaga um stefnu um skipulagsmál á miðhálandinu leysir af hólmi svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015 og tekur til sama landsvæðis og tilgreint er í viðkomandi aðalskipulagi og svæðisskipulagi miðhálandisins. Stefnan skiptist upp í 5 kafla um verndun náttúru, landslags og menningarminja, um orkunýtingu og orkuflutning, um samgöngur, um ferðaþjónustu og að lokum um beitarmál og landgræðslu.

Þar sem tillagan til þingsályktunar náði ekki fram að ganga á þessu þingi, bíður það næsta umhverfis- og auðlindaráðherra að leggja tillögu til þingsályktunar fram á Alþingi, sem gert er ráð fyrir að verði haustið 2013.

2.11 Langtímaáætlun í efnahagsmálum og fjármálum hins opinbera

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Endurskoðun laga um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 hófst árið 2011. Sérstök stýrinefnd innlendra sérfræðinga var skipuð til að leggja fram tillögur að endurskoðaðri löggjöf um fjárreiður ríkisins og sem lið í undirbúningi vinnunnar var jafnframt leitað til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um sérfræðiráðgjöf. Stefnt er að því að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um opinber fjármál haustið 2013, sem byggir á tillögum stýrinefndar.

Meginmarkmið endurskoðunarinnar var að tryggja að stefnumörkun í opinberum fjármálum verði unnin með vandaðari og formfastari hætti og til lengri tíma en tíðkast hefur, en slík langtímasýn er einkennandi fyrir þau ríki sem hafa náð bestum árangri í opinberum fjármálum. Þannig er gert ráð fyrir að ný lög um opinber fjármál feli í sér heildstæða tímaáætlun, sem tekur til stefnumörkunar í opinberum fjármálum, fjárlagagerðar, framkvæmdar fjárlaga, upplýsingagjafar og eftirlits með opinberum fjármálum, auk þess sem stefnumótun um opinber fjármál skal taka til opinberra aðila í heild sinni, þ.m.t. sveitarfélaga. Tilgangurinn er sá að tryggja heildarsýn yfir opinber fjármál til skemmri og lengri tíma, þar með taldar þær skuldbindingar sem geta fallið á ríkissjóð. Með þessu verður jafnframt mögulegt að efla stjórn opinberra fjármála sem hagstjórnartækis og auka aga í opinberri fjárstjórn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stefnumörkun í opinberum fjármálum feli í sér annars vegar mótun fjármálastefnu (hagstjórnarstefnu) opinberra aðila og hins vegar ríkisútgjaldastefnu. Hver nýkjörin ríkisstjórn skal þannig móta fjármálastefnu sem nái til ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra, þar sem fram koma m.a. töluleg markmið til næstu fimm ára hið skemmsta og leggja fyrir Alþingi til samþykktar. Fjármálastefnan skal grundvölluð á lögfestum gildum, þ.m.t. sjálfbærni, stöðugleika, varfærni og festu. Þessi gildi fela í sér verklagsmiðaða fjármálareglu. Með því móti er leitast við að skapa víðtæka sátt um langtíamarkmið í opinberum fjármálum.

Jafnframt skal ríkisstjórn í apríl ár hvert leggja fyrir Alþingi fjármálaáætlun þar sem markmið og framkvæmd fjármálastefnu eru útfærð frekar, s.s. er varðar tekjur, gjöld, fjárfestingu, fjármögnun, eignir og skuldir. Fjármálaáætlunina skal setja fram með sundurliðuðum hætti og í formi rekstrarlegra markmiða um afkomu fyrir ríki og sveitarfélög, auk opinberra fyrirtækja, eftir atvikum og samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að stefnumörkun í opinberum fjármálum lúti óháðu eftirliti fjármálaráðs, að framkvæmd fjárlaga verði markvissari og reikningshald og framsetning upplýsinga um opinber fjármál byggi alfarið á alþjóðlegum stöðlum.

Önnur meginstoð stefnumörkunar opinberra fjármála er að stjórnvöld skulu leggja fyrir Alþingi í apríl ár hvert útgjaldastefnur á megin málefnasviðum ríkisins, sem ná til fimm ára í senn. Stefnurnar eru lagðar fram í fjármálaáætlun stjórnvalda og mynda útgjaldaramma fyrir fjárlagaumræðu Alþingis að hausti. Með þessu verklagi er lagður grunnur að vandaðri undirbúningi og umræðu um útgjaldastefnur helstu málefnasviða á Alþingi og sömuleiðis eru stöðir styrktar verulega við undirbúning og framkvæmd fjárlaga er varðar ráðuneyti og ríkisaðila.

2.12 Lífsgæðabókhalld og kynslóðareikningar

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Staða: Ekki hafið.

2.13 Menntaáætlun

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Staða verkefna á sviði menntamála í tengslum við Ísland 2020:

I. Útgáfa nýrrar aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla - Grunnþættir í menntun

Í framhaldi af setningu nýrra laga árið 2008 um leikskóla (nr. 90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldsskóla (nr. 92/2008) hefur verið unnið að innleiðingu þeirrar menntastefnu sem þar er mörkuð. Undirstöðuatriði í þeirri vinnu er gerð nýrrar aðalnámskrár fyrir skólastigin þrjú.

Aðalnámskrá er rammi um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögunum. Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum, skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Nýjar aðalnámskrár voru gefnar út 16.maí 2011 og tóku gildi skólaárið 2011-12. Nýjar greinanámskrár fyrir grunnskóla tóku gildi í mars 2013.

Í vinnu við aðalnámskrá voru lagðar sérstakar áherslur, sk. grunnþætti menntunar, sem leggja áherslu á persónuleg og samfélagsmiðuð gildi almennrar menntunar á skólastigunum þremur.

Grunnþættirnir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Grunnþættirnir eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Einnig er sótt til annarrar löggjafar þar sem finna má ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.

II. Efling starfsmenntunar

Á árunum 2011-2012 var unnið að stefnumótun um starfsmenntun á vettvangi starfsgreinanevndar, með viðtæku samráði við hagsmunaaðila á fundum um starfsmenntun og greiningarverkefni í samstarfi við OECD.

Um mótun starfsmenntunar á 4. þrepi (fagháskólastig) var unnið að greiningarskýrslu þar sem nám, sem tekur við að loknum framhaldsskóla er kortlagt. Sérfræðingar á vegum OECD komu í heimsókn og gáfu út skýrslu um með greiningu á stöðu og ráðgjöf um framtíðaruppbyggingu starfsmenntunar á þessu sviði vorið 2013.

Í framhaldinu af þessari greiningarvinnu mun ráðuneytið vinna áfram stefnu um starfsmenntun sem byggir á nýrri námskrá og þeim áherslum sem fram hafa komið í greiningu og samráði við hagsmunaaðila. Á þessu ári hefur ríkisstjórnin ráðstafað samtals 600 m.kr. á árunum 2012 og 2013 til eflingar starfsmenntunar og verður því fé varið í samræmi við áherslur sem lagðar voru í vinnuhópi ríkisstjórnarinnar um menntamál til þess að byggja upp starfsmenntun. Einnig verður sem hluta af sama átaki varið 200 m.kr. til eflingar náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

III. Aukið aðgengi að námi - Nám er vinnandi vegur

Ríkisstjórnin kynnti í apríl 2011 átaksverkefnið *Nám er vinnandi vegur (NVV)*. Markmið með áttakinu var að tryggja öllum umsækjendum yngri en 25 ára svo og atvinnuleitendum skólavist í framhaldsskólum frá haustinu 2011.

Alls innrituðust 1.479 nemendur í nám á vegum átaksins í nítján framhaldsskólum á haustönn 2011. Nemendahópurinn var tvískiptur, annars vegar nemendur á skrá hjá Vinnumálastofnun (VMST), sem gert höfðu samning um námið á haustönn og hins vegar nemendur 18-24 ára. Í hópnum voru umsækjendur með mjög fjölbreytilegan bakgrunn og margir þeirra höfðu glímt við erfiðleika í námi á fyrri skólagöngu. Ráðuneytið skipulagði sérstaka eftirfylgni með nemendum í áttakinu í samráði við ráðgjafa og stjórnendur framhaldsskólanna til að stemma stigu við brotthvarfi. Söfnun tölulegra gagna s.s. upplýsinga um brotthvarf og mætingu nemenda var mikilvægur liður í eftirfylgninni. Reglulegir fundir voru haldnir með náms- og starfsráðgjöfum þeirra framhaldsskóla sem innrituðu flesta nemendur í áttakinu. Markmið fundanna hefur verið að efla samstarf og skapa vettvang til að miðla því sem vel hefur gengið og draga lærdóm af því sem betur hefur mátt fara. Skólarnir fengu sérstakar fjárveitingar til að ráða fleiri náms- og starfsráðgjafa. Sex og hálf stöðugildi í ráðgjöf hafa þannig alls bæst við í framhaldsskólum vegna átaksins í samræmi við nemendafjölda í hverjum og einum skóla.

Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki vorið 2014 en ríkisstjórnin hefur lagt fram drög að útvíkkun þess.

IV. Aðgerðir gegn brotthvarfi

Á árinu 2011 efndi mennta- og menningarmálaráðuneyti til samstarfs við OECD um innleiðingu menntastefnu og mótun aðgerða til að draga úr brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum. Unnin var bakgrunnsskýrsla á vegum ráðuneytisins sem sérfræðingar OECD nýttu ásamt gögnum stofnunarinnar til að vinna greiningu á stöðu íslensks menntakerfis með tilliti til brotthvarfs.

Í framhaldinu vann OECD [skýrslu](#) um fyrstu niðurstöður sínar sem birtar voru á vef stofnunarinnar.

Einnig hóf mennta- og menningarmálaráðuneyti þátttöku í verkefni á vegum ESB um aðgerðir gegn brotthvarfi. Hefur það verkefni ásamt niðurstöðum OECD greiningarinnar verið nýtt til að móta aðgerðir til að draga úr brotthvarfi hér á landi. Í samstarfi við félagsvísindasvið Háskóla Íslands hefur nú verið ýtt af stað verkefni með þátttöku framhaldsskóla hér á landi til að greina nemendur í brotthvarfshættu og bjóða þeim viðeigandi þjónustu.

V. Samantekt - aðgerðir 2012

1. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár:
 - Sex grunnþættir menntunar fléttaðir inn í nám á öllum skólastigum.
 - Hæfniviðmið innleidd í uppbyggingu alls náms.
 - Átta framhaldsskólar hafa hafið kennslu samkvæmt nýjum námskrám.
 - Jafngilding bók- og verknáms til stúdentsprófs.
2. Að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25-64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020.
 - Átak gegn brotthvarfi úr framhaldsskóla m.a. í samstarfi við ESB og OECD.
 - Efling starfsmenntunar í framhaldsskólum, m.a. í samstarfi við OECD.
 - Efling framhaldsfræðslu, m.a. verkefni á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

3. Að árið 2020 verði færni íslenskra grunnskólanemenda sambærileg við 10 efstu þjóðir samkvæmt OECD PISA rannsókninni á lesskilningi og læsi á stærðfræði og raungreinum.
 - Innleiðing grunnþáttar um læsi í námskrá.
 - Átak í læsi í grunnskólum.
 - Aðgerða til að draga úr kynjamun í læsi.
 - Samstarf við fagfélög kennara í stærðfræði og raungreinum.
4. Sérstakar aðgerðir til að efla starfsmenntun - Viðurkenning fræðsluaðila og námskráa í framhaldsfræðslu.
 - Hæfnikröfur starfa skilgreindar í tengslum við námskrár.
 - Námslok í starfsmenntun flokkuð á hæfniprep.
 - Samningar við fræðsluaðila um gerð handbóka og námsferilsbóka fyrir vinnustaðanám.
 - Lög um vinnustaðanámssjóð verða sett.
 - Úttekt á íslensku starfsmenntakerfi í samstarfi við OECD, með áherslu á nám á 4. þrepi, viðbótarstigi milli framhalds- og háskóla 2011-12 (Skills beyond school).
5. Stefnumótun á ýmsum sviðum:
 - Stefnumótun um starfsmenntun
 - Stefnumótun um námsgögn.
 - Stefnumótun um kvikmyndamenntun.
 - Stefnumótun um fjar- og dreifnám.
 - Stefnumótun um kennaramenntun og námsráðgjöf.
6. Nám er vinnandi vegur
 - Opna framhaldsskólann fyrir öllum yngri en 25 ára.
 - Aukin náms- og starfsráðgjöf til að draga úr brotthvarfi.
 - Þróunarsjóður til að efla framboð á starfsmenntun.
 - Aukið samstarf framhaldsskóla og framhaldsfræðsluaðila.
 - Fleiri tækifæri í raunfærnimati.
 - Átak í kynningu á starfsmenntun meðal grunnskólanema.

2.14 Miðstöð norðurslóðamála

Ábyrgð: Utanríkisráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Norðurslóðanet Íslands var formlega stofnað 7. febrúar 2013 með samningi utanríkisráðuneytisins við stjórn Norðurslóðanetsins. Norðurslóðanetið er samstarfsnet fjölmargra aðila, samtaka og stofnana, sem eiga það sameiginlegt að búa yfir reynslu og þekkingu í margvíslegum verkefnum og rannsóknum sem tengjast málefnum norðurslóða. Markmið verkefnisins felst fyrst og fremst í kynningar- og upplýsingamiðlun; að auka sýnileika, samvinnu og tengsl stofnana og annarra aðila á Íslandi sem fjalla um málefni norðurslóða með rannsóknum, menntun og vöktun og gera upplýsingar um norðurslóðir aðgengilegar. Jafnframt kynningarstarfi verður unnið að því að byggja upp tengslanet, bæði innanlands og erlendis, sem getur nýst í auknu samstarfi og verkefnum. Netið er til húsa í rannsóknarhúsinu Borgum á Akureyri og er búið að ráða verkefnastjóra fyrir verkefnið og stefnt er að því að ráða fleirri starfsmenn á næstu mánuðum.

2.15 Mótun höfuðborgarstefnu

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið.

Staða: Ekki hafið.

2.16 Orkuskipti í samgöngum

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Verkefnishópnum um Orkuskipti í samgöngum, Grænu orkunni, er ætlað að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um hagræna hvata til að flýta fyrir orkuskiptum í samgöngum hér á landi. Verkefnishópurinn skilaði skýrslu til iðnaðarráðherra ásamt aðgerðaáætlun í nóvember 2011. Í kjölfarið lagði iðnaðarráðherra skýrsluna og aðgerðaráætlun fyrir Alþingi í samræmi við þingsályktun um Orkuskipti í samgöngum sem samþykkt var í júní 2011. Iðnaðarráðherra mælti fyrir skýrslunni á Alþingi í byrjun febrúar 2012. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra mælti fyrir um frumvarp til laga um endurnýjanlegt eldsneyti sem samþykkt var á Alþingi í mars 2013. Þau skylda söluaðila eldsneytis til að tryggja það að hluti af sinni sölu til samgangna á landi sé af endurnýjanlegum uppruna. Árið 2014 skal 3,5% vera af endurnýjanlegum uppruna, en þetta hlutfall hækkar í 5% árið 2015. Áfram er unnið að því að uppfylla bindandi skilyrði tilskipunar 2009/28/EC um 10% hlut endurnýjanlegrar orku í samgöngum fyrir árið 2020.

2.17 Sameining háskóla

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Samstarf opinberu háskólanna hófst formlega í ágúst 2010, með stefnuyfirlýsingu stjórnvalda.

Markmiðið með stefnu stjórnvalda um samstarf opinberu háskólanna er þrjúþætt:

- Í fyrsta lagi að efla háskólakennslu, rannsóknir og nýsköpun til styrktar framtíðaruppbyggingu íslensks samfélags.
- Í öðru lagi að hagræða í rekstri háskólanna þannig að fjármunir nýtist sem allra best.
- Í þriðja lagi að halda uppi öflugri og fjölbreyttri háskólastarfsemi víðs vegar á landinu.

Sjö manna verkefnisstjórn stýrir samstarfinu, en þar sitja meðal annarra allir fjórir rektorarnir.

Meðal verkefna sem ráðist hefur verið í eru:

- **Samstarf í upplýsingatækni:** Samræmt upplýsingakerfi fyrir nemendaskráningu og samskipti nemenda og kennara var komið á við alla háskólana fjóra frá júlí 2012. Kerfið ber heitið *Ugla* og hefur verið endurbætt verulega af þessu tilefni. Einnig verður notað Moodle kennslukerfið.
- **Samstarf um akademískt mat:** Aukið samræmi er nú í mati á árangri starfa akademískra starfsmanna. Mat á árangri starfsmanna hefur meðal annars áhrif á nýráðningar, framgang í starfi og árangurstengdar launagreiðslur.
- **Hvata- og þróunarstyrkir:** Sérstakir styrkir til að standa straum af þróun samstarfs á sviði kennslu hafa verið veittir og geta akademískir starfsmenn skólanna sem taka sig saman um verkefni fengið styrk til þeirra.
- **Tæknilegir innviðir samstarfs:** Fjarfundabúnaður, þráðlaus net og aðrir mikilvægir innviðir sem mynda grundvöll samstarfs milli landshluta hafa verið eflir vegna samstarfsins.

Frá janúar 2012 hafa nemendur opinberu háskólanna haft aukin tækifæri til að velja námskeið þvert á skóla. Undirritaður hefur verið samningur sem gefur nemendum háskólanna möguleika á því að nýta sér námskeið við aðra háskóla án sérstaks endurgjalds og án takmarkana annarra en þeirra sem hver námsleið felur í sér. Nemendum opinberu háskólanna gefast þannig tækifæri til að auka fjölbreytni í námsvali sínu, forðast tafir eða jafnvel að flýta fyrir sér í námi, með því að nýta sér námsframboð fleiri skóla.

2.18 Sameining rannsókna og atvinnuvegasjóða

Ábyrgð: Forsætisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Alþingi samþykkti 20. desember 2012 breytingar á lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Með lagabreytingunni eru Rannsóknasjóður og Rannsóknarnámssjóður sameinaðir undir nafni Rannsóknasjóðs. Þetta mun leiða til meiri samfellu og yfirsýnar á úthlutunum styrkja til nemenda í rannsóknatengdu framhaldsnámi auk þess sem faglegt mat muni styrkjast. Þar var einnig heiti Tækjasjóðs breytt í Innviðasjóð og hlutverk hans víkkað svo hann getir styrkt aðra innviði til rannsókna en tæki og búnað.

2.19 Samkeppnishæfni

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Staða: Ekki hafið.

2.20 Samstarfsvettvangur við aðila vinnumarkaðarins

Ábyrgð: Forsætisráðuneytið og fleiri ráðuneyti.

Staða: Í vinnslu.

Í febrúar 2011 var stofnuð ráðherranefnd um atvinnumál og setti hún á laggirnar samstarfsvettvang um atvinnumál annars vegar og um vinnumarkaðsmál hins vegar. Tilnefndir voru fulltrúar þingflokka, aðila vinnumarkaðar, sveitarfélaga og ráðuneyta. Hafa báðir þessir vettvangar skilað tillögum til ráðherranefndarinnar. Samstarfsvettvangi um vinnumarkaðsmál hefur jafnframt verið falið að vinna heildstæða vinnumarkaðsáætlun og gera áætlun um átak í menntun með markmið Íslands 2020 um framhaldsmenntun að leiðarljósi.

Helstu verkefni samráðsvettvangsins voru:

Nám er vinnandi vegur

Helstu aðgerðir með átaksverkefninu voru tvíþættar:

- Að opna framhaldsskólann öllum yngri en 25 ára.
- Að skapa allt að 1.000 ný námstækifæri fyrir atvinnuleitendur í skólum landsins.

Í samræmi við ofangreind markmið voru 7 ma. króna fluttir úr Atvinnuleysistryggingasjóði yfir í menntakerfið til að fjármagna átakið til þriggja ára. Skráðum framhaldsskólanemum

fjölgaði um rúmlega 1.500 haustið 2011 frá árinu áður og tæplega 1.000 atvinnuleitendur hófu nám, 527 við framhaldsskóla, 113 við frumgreinadeildir og 320 við háskóla. Brottfall úr námi varð minna en gert var ráð fyrir og flestir hafa haldið áfram námi. Um síðustu áramót voru um 10% hópsins á atvinnuleysisbótum eftir að hafa horfið frá námi og komið aftur á bætur. Því er ljóst að verulegur árangur varð af framkvæmd átaksins sem fækkaði skráðum atvinnuleitendum verulega með því að veita þeim tækifæri til náms og framfærslu samhliða því á námslánunum eða námsstyrkjum.

Vinnandi vegur

Markmið þeirra var:

- að örva nýráðningar og fjölga störfum
- að einfalda ráðningarferli atvinnurekanda gagnvart starfstengdum úrræðum
- að auka með almennum hætti hagkvæmni þess fyrir atvinnurekendur að ráða langtímaatvinnulausa og auka þannig líkur á ráðningu þeirra
- að styrkja stöðu þeirra sem eru að klára rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins og auka þannig líkur á að þau fái störf.

Ný störf voru sköpuð með almennum tímabundnum fjárhagslegum hvötum. Gilti slíkt um nýráðningar atvinnuleitenda sem voru á atvinnuleysisskrá þar sem sannarlega er verið að bæta við starfsfólki og fjölga störfum. Grunnbætur fylgdu nýjum starfsmanni af skrá upp í kjarasambundin laun óháð bótarétti viðkomandi innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Atvinnurekandi fékk þannig styrk miðað við að viðkomandi væri að fullu tryggður eða 161.523 kr. á mánuði í starfi auk 8% framlags í lífeyrissjóð.

Alls voru rúmlega 1.400 einstaklingar ráðnir til starfa á grundvelli þess, langflestir á almennum vinnumarkaði og reynslutölur sýna að 60-70% þeirra fá áframhaldandi ráðningu þegar styrkgreiðslur falla niður og hverfa þannig varanlega af bótum.

Mótun vinnumarkaðsstefnu

Verkefnið skyldi unnið í sameiningu af velferðarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti á vettvangi samráðshópsins.

Formenn samráðshópsins fengu leiðsögn um gerð stefna og áætlana frá starfshópi ráðuneyta um einföldun, fækkun og samþættingu áætlana ríkisins. Formenn hafa átt reglulega fundi með forsætisráðuneytinu og upplýst um framgang málsins. Þá hefur framgangur starfsins verið kynntur á fundum ráðherranefndar um atvinnumál. Afurðirnar eru verkefni sem vinnumarkaðsstefna endurspeglar í en ekki eiginlegt stefnuskjal og aðgerðaáætlun.

Helstu verkþættir stefnumörkunarinnar og fylgjandi aðgerðaáætlana voru í upphafi skilgreindir eftirfarandi:

- Umfjöllun um virkar vinnumarkaðsaðgerðir og samstarf ríkis og aðila vinnumarkaðarins þar um. Samspil vinnumarkaðsaðgerða og starfsendurhæfingar.
- Hækkað menntunarstig á vinnumarkaði samkvæmt 2020 markmiðum ríkisstjórnarinnar.
- Bætt staða ungs fólks á vinnumarkaði.
- Virkur stuðningur við erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði.

- Útrýming á kynbundnum launamun og skertum aðgangi kvenna að stjórnunarstörfum á vinnumarkaði.
- Sértekur vinnumarkaðsaðgerðir í þeim sveitarfélögum og á þeim svæðum þar sem atvinnuleysi er meira en 10%
-

Liðsstyrkur

Meginmarkmið verkefnisins var að skapa umgjörð til að mæta þörfum langtímaatvinnuleitenda þannig að enginn félli af bótum án þess að fá fyrst tilboð um starf eða starfsendurhæfingu og að skapa varanlegan ramma utan um vinnumarkaðsaðgerðir fyrir atvinnuleitendur almennt.

Afrakstur vinnunnar var því annars vegar ýtarlegar útfærðar tillögur um átaksverkefnið Liðsstyrk og hins vegar ótímabundnar breytingar á lagaramma og reglugerðum til að auðvelda langtímaatvinnuleitendum innkomu á vinnumarkað á ný.

Fjárfest í fólki

Endurmenntunaráttak sem vann að markmiði Ísland 2020 að lækka hlutfall þeirra á vinnumarkaði sem einungis hafa grunnskólapróf úr 30% í 10%. Kostnaðurinn við verkefnið var metinn á bilinu 50 og 60 ma. króna. Ráðherranefnd um veitti formönnum samráðshópsins umboð til að vinna áfram að framgangi verkefnisins.

Útfærðar tillögur voru kynntar á fundi velferðarráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra með aðilum vinnumarkaðarins í janúar 2013. Tillögurnar gera ráð fyrir tveimur afmörkuðum tilraunaverkefnum annars vegar í Norðvesturkjördæmi og hins vegar í Breiðholti. Skipaðar verða verkefnastjórnir á hvorum stað. Hlutverk þeirra er að:

- Kanna eftirspurn og þörf meðal einstaklinga á vinnumarkaði fyrir menntun og gera tillögur að nýjum námsúrræðum ef þörf reynist.
- Stuðla að auknu samstarfi framhaldsfræðsluaðila, framhaldsskóla og háskóla um menntun á vinnumarkaði.
- Þróa og gera tilraunir með aðferðir sem auðvelda mat á fyrra námi og reynslu inn í hið hefðbundna skólakerfi og gera tillögu um framtíðarskipan þeirra mála.
- Meta kostnað við einstök verkefni og verkefnaþætti.
- Kanna þörf fyrir námsstyrki, þróa og prófa útfærslur á slíku kerfi í framhaldi af þeirri tilraun sem gerð var innan átaksins Nám er vinnandi vegur

Árangur vinnumarkaðsaðgerða 2009-2013

Á Íslandi hefur undanfarin ár náðst einstakur árangur í baráttunni gegn fjöldaatvinnuleysi. Eftir hrun var tæplega einn af hverjum tíu vinnufærum mönnum án vinnu en atvinnuleysi er nú 4,7% skv. mælingu Hagstofunnar. Það er lægra en í nokkru landi innan ESB, þar sem lægsta atvinnuleysið er í Austurríki 4,8% á meðan atvinnuleysi á Evrusvæðinu er um 12% að meðaltali. Sambærilegar tölur vestan hafs eru 7,6% fyrir marsmánuð í Bandaríkjunum. Nú er svo komið að atvinnuleysi á Íslandi er það næst lægsta í Evrópu. Einungis Noregur býr við minna atvinnuleysi, en þar eru 3,6% án vinnu.

2.21 Sanngjarnt og samkeppnishæft skattkerfi

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Staða: Ekki hafið.

2.22 Skapandi greinar

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Starfshópurinn skilaði skýrslu í október 2012. Þann 19. október kynntu mennta- og menningarmálaráðherra, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og utanríkisráðherra skýrsluna á blaðamannafundi í Hörpu. Skýrslan ber heitið *Skapandi greinar - sýn til framtíðar*. Í febrúar 2013 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra samstarfshóp fjölmargra aðila um uppbyggingu skapandi greina. Hlutverk hópsins er að vinna að samræmdri uppbyggingu skapandi greina og gera tillögur til stjórnvalda um nauðsynlegar aðgerðir og fylgja þeim eftir.

Sérstakur starfshópur var skipaður í febrúar 2013 til að gera tillögu um fyrirkomulag verkefnasjóða og kynningarmiðstöðva á listasviðinu þ.e. umsýslu þeirra og þjónustu við þá. Hópurinn mun skila af sér tillögum í apríl 2013.

Verkefnin eru á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis.

2.23 Sóknaráætlanir landshluta

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið í samvinnu við stýrinet allra ráðuneyta.

Staða: Í vinnslu.

Stýrinet stjórnarráðsins um sóknaráætlanir landshluta var skipað vorið 2012. Sóknaráætlanaverkefnið hafði þá verið í þróun í um eitt ár í Stjórnarráðinu og var sú mótunarvinna aðallega í höndum sérfræðinga í forsætis-, innanríkis- og iðnaðarráðuneyti og síðar sérfræðinga úr fjármálaráðuneytinu. Með skipan stýrinets hafa öll ráðuneyti jafna aðkomu að verkefninu, en það er skipað einum fulltrúa úr hverju ráðuneyti, auk framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá situr fulltrúi Byggðastofnunar sem áheyrnarfulltrúi fundi stýrinetsins. Verkefnið er vistað hjá innanríkisráðuneytinu og fer fulltrúi þess ráðuneytis með formennsku í stýrinetinu og er verkefnisstjórinn staðsettur þar. Fundir stýrinetsins eru orðnir 16 og eru fundargerðir verkefnisins aðgengilegir á heimasíðu verkefnisins. Í stýrinetinu er unnið með byggðamál í víðum skilningi þvert á ráðuneyti og í nánú samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga.

Að beiðni stýrinets Stjórnarráðsins um sóknaráætlanir landshluta vann Byggðastofnun stöðugreiningu á nokkrum mikilvægum samfélagsþáttum fyrir alla landshluta. Með stöðugreiningunni er hægt að bera saman þróun þeirra milli tímaskeiða í hverjum landshluta sem og á milli landshluta og nýttist stöðugreiningin vel í vinnu landshlutanna við gerð sóknaráætlana. Greiningarnar eru settar fram á myndrænan hátt með stuttum texta til þess að auðvelda samanburð nokkurra mikilvægra þátta og umræður um sóknaráætlanirnar. Ætlunin er að uppfæra stöðuna í hverjum þætti og gera grunn gögn aðgengileg þeim sem nýta vilja sér þau.

Í mars 2013 lauk nýjum áfanga verkefninu Sóknaráætlanir landshluta en þá voru undirritaðir samningar um sóknaráætlanir í átta landshlutum. Jafnframt var opnuð [heimasíða](#) þar sem gerð er grein fyrir sögu verkefnisins og stöðu þess. Með samningunum hefur verið tekið upp nýtt verklag sem einfaldar þessi samskipti, gerir þau skilvirkari og stuðlar að bættri nýtingu fjármuna. Markmiðið er að færa aukin völd og aukna ábyrgð til landshlutanna við forgangsroðun og skiptingu opinbers fjár sem rennur til verkefna á sviði byggða- og samfélagsþróunar.

Landshlutarnir átta hafa allir unnið sóknaráætlanir fyrir sín svæði. Þar kemur meðal annars fram framtíðarsýn þeirra, stefnumótun og hvernig þeir forgangsraða þeim fjármunum sem renna til sóknaráætlunar á árinu 2013. Í öllum landshlutum voru myndaðir samráðsvettvangar heimamanna sem komu að mótun áætlana og forgangsroðun verkefna. Samráðsvettvangarnir eru ólíkir eftir landshlutum bæði hvað varðar samsetningu og fjölda þátttakenda. Í öllum tilfellum voru þar fulltrúar sveitarstjóra, atvinnulífs og stöðstofnana og eftir atvikum aðrir. Þátttakendur voru á bilinu 30-100. Ábyrgð á vinnunni var í öllum tilvikum hjá stjórnnum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 27. nóvember 2012 verður 400 m.kr. varið til sóknaráætlunar á árinu 2013. Þeim fjármunum var skipt á milli landshlutanna átta eftir gagnsæjum viðmiðum sem unnin voru í samráði við fulltrúa landshlutasamtaka og var því frá upphafi skýrt hvernig fjármagnið skiptist á landshluta. Til viðbótar við þessa upphæð munu heimamenn leggja til mótframlag í einstök verkefni og er þar gert ráð fyrir að lágmarki 220 m.kr. Alls eru verkefni 73 á landinu öllu. Á heimasíðunni er hagt að skoða allar áætlanirnar.

Á árinu 2013 munu verkefni stýrinetsins felast í því eftirliti með framgangi þeirra 73 verkefna sem samið var um, en í samningunum er skýrt kveðið á um hvernig skuli staðið að því. Þá er stýrinetið að búa sig undir þátttöku í mótun byggðastefnu fyrir tímabilið 2014-2017 og mun leggja til þess verkefnis, m.a. þær sóknaráætlanir sem þegar hafa verið unnar og ekki síst áherslu á það verklag sem verið er að þróa í samstarfi stjórnsýslustiganna tveggja, ríkisins og sveitarfélaganna í landinu.

2.24 Stefna um erlenda fjárfestingu

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Í febrúar 2012 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra samráðshóp sem hefur annars vegar það hlutverk að tryggja að stjórnsýsla varðandi fjárfestingarverkefni sé samhæfð og skilvirk og vinna þannig að bættri samkeppnisstöðu Íslands á þessu sviði auk þess að kortleggja hvar úrbóta sé þörf. Hins vegar er hlutverk hópsins að kortleggja stöðu hverju sinni og áform um erlendar sem innlendar fjárfestingar í einstökum geirum og afla upplýsinga um fjárfestingarverkefni og áhrif þeirra. Samráðshópurinn vinnur nú að skýrslu um hvernig megi bæta samkeppnishæfni Íslands tengd nýfjárfestingum. Í skýrslunni verður m.a. lagðar fram tillögur um breytingu á lögum nr. 34/1994 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Samráðshópurinn stefnir að því að afhenda ráðherra skýrsluna í lok maí 2013.

2.25 Stofnun auðlindasjóðs

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 9. apríl 2013 tillögu forsætisráðherra um að fela starfshópi fjögurra ráðuneyta að hefja undirbúning að stofnun auðlindasjóðs. Hópnun verður jafnframt falið að gera tillögu að nýrri skilgreiningu á núgildandi stjórnskipulagi auðlindamála og þjóðlendna. Þetta verði gert til að fylgja eftir þegar samþykktari stefnumótun í auðlindamálum og tryggja að arður af auðlindunum verði sýnilegur og að hann nýtist komandi kynslóðum. Ráðgert er að vinna starfshópsins auðveldi undirbúning ákvarðana af hálfu ríkisstjórnar og Alþingis.

Með stofnun auðlindasjóðs verður m.a. leitast við að tryggja að komandi kynslóðir njóti góðs af þeim arði sem stafar af hugsanlegri nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda innan íslenskrar lögsögu og þeim fjármunum sem þegar liggja fyrir vegna nýtingar vatnsréttinda í þjóðlendum. Í þessum efnum er meðal annars vísað til fordæmisins frá Noregi um lífeyrissjóð norsku þjóðarinnar, olúsjóðinn svonefnda.

Forsætisráðuneytið hefur þegar tekið við 923 milljónum króna á grundvelli laga um þjóðlendir sem greiðslu vegna nýtingar vatnsréttinda í þjóðlendum og er gert ráð fyrir að stærstur hluti þess fjármagns renni til Auðlindasjóðsins.

Verkefni hópsins verður einnig fólgið í því að hefja samráð við hagsmunaaðila og önnur ráðuneyti um útfærslu á auðlindarentu í orkugeiranum í samræmi við þegar samþykktu stefnumörkun í auðlindamálum.

Starfshópurinn skal loks fara yfir nýtingu auðlinda og annarra takmarkaðra gæða sem ósamið eru um á jörðum og lendum sem eru í eigu eða umsjón ríkisins.

Ofangreindur starfshópur verður skipaður fulltrúum forsætisráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytisins.

Nánar er fjallað um [stefnumótun í auðlindamálum](#) á vef forsætisráðuneytisins.

2.26 Svæðaskipulag Hvítá-Hvítá

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Staða: Ekki hafið.

Skv. Ísland 2020: Unnið verði svæðisskipulag fyrir SV-horn landsins, frá Reykjanesbæ í vestur, Borgarnesi í norður og Árborgar til austurs. Gerð var skýrsla um verkefnið en það hefur ekki farið af stað.

2.27 Umbótaáætlun

Ábyrgð: Forsætisráðuneytið, fjármála og efnahagsráðuneytið og önnur ráðuneyti.

Staða: Í biðstöðu.

2.28 Uppbygging klasa

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Samkvæmt umfjöllun um verkefnið í Ísland 2020 kemur eftirfarandi fram: Stutt verði við myndun klasa þar sem tækifæri eru fyrir hendi til ábyrgs vaxtar og áhersla lögð á fjárfestingu í menntun, vísindum og nýsköpun. Lýsing verkefnis fellur vel að þeim markmiðum sem höfð verða til hliðsjónar við gerð atvinnustefnu og mun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fella verkefnið inn í gerð stefnunnar og meðfylgjandi aðgerðaáætlunar. Þar verður m.a. lögð áhersla á hlutverk hins opinbera og þá sérstaklega hlutverk stoðkerfis atvinnulífsins til stuðnings við myndun og eflingu klasa. Í drögum atvinnustefnu segir að ráðuneytum og stofnunum verði falið að útfæra markvissar aðgerðir til stuðnings við samstarfsverkefni og uppbyggingu klasa og þekkingarsetra um land allt sem vísar til samstarfs fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana um rannsóknir, þróun og nýsköpun til aukinnar verðmætasköpunar. Fyrirhuguð aðgerðaáætlun mun taka á uppbyggingu klasa með markvissum hætti í gegnum opinbert stoðkerfi atvinnulífs.

Að auki hefur ráðuneytið leitt svokallað „stýrinet ráðuneyta“ um markvissa aðkomu stjórnvalda að hinum íslenska jarðvarmaklasa en samstarfið byggir á samningi milli fulltrúa klasasamstarfsins og forsætisráðuneytis. Í samstarfi stjórnvalda og klasans hefur opinberu fjármagni verið veitt í undirbúning klasans og framkvæmd verkefna á hans vegum.

2.29 Vaxtarsamningur um ferðapjónustu

Ábyrgð: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Staða: Í vinnslu.

Framtíðarstefna í ferðapjónustu þarf að vera í samhengi við stefnu í öðrum atvinnugreinum enda skarast greinin t.d. við sjávarútveg, landbúnað, hönnun og skapandi greinar. Verkefnið er því unnið sem hluti af atvinnustefnu í stað þess að vera sérafmarkað og skilgreint sem verkefni innan 2020. Ferðamálaáætlun 2011-2020 er höfð til hliðsjónar við gerð atvinnustefnunnar ásamt m.a. áherslum ríkisstjórnarinnar í verkefninu Ísland, allt árið um fjölgun heilsársstarfa í ferðapjónustu. Fjallað verður sérstaklega um eflingu ferðapjónustunnar í væntanlegri atvinnustefnu.

2.30 Vísindaþorp í Vatnsmýri

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Staða: Ekki hafið.

Vísindaþorp er vettvangur háskóla, rannsóknastarfsemi og þekkingarfyrirtækja sem hefur að markmiði að skapa öflugt nýsköpunarumhverfi sem styður við svæðisbundna þróun (Regional development by high-tech clustering) og er mikilvægt fyrir samkeppnisstöðu háskólanna og landsins alls. Vísindaþorp er frábrugðin venjulegu fyrirtækjaumhverfi og sérhönnuðu fyrirtækjaumhverfi (e: business parks) að því leyti að í vísindaþorpum er skapað samfélag háskóla, þekkingarfyrirtækja og rannsóknastofnana sem leggja hvert öðru lið með sambúðinni og ná að byggja upp styrkleika heildarumhverfisins sem er meiri en samanlagður styrkleiki þeirra einstöku þátta sem mynda heildina. Alls staðar í þróuðum vestrænum þjóðfélögum er

nú litið til slíkra þekkingarþyrpinga sem öflugustu aðferðarinnar til að hraða og efla nýsköpun.

Markmið með Vísindaþorpi er að gefa fleiri fyrirtækjum og stofnunum kost á að staðsetja sig í háskólaumhverfi þar sem samlegðaráhrif atvinnulífs og rannsóknastofnana fá að njóta sín. Með Vísindaþorpi er stuðlað að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi, byggð brú milli háskólasamfélagsins og atvinnulífsins og þannig stuðlað að aukinni verðmætasköpun.

Fyrirmynd að Vísindaþorpi er sótt til Evrópu og Bandaríkjanna þar sem uppbygging slíkra garða hefur verið mikil. Rannsóknir sýna að samstarf atvinnulífs og háskóla á sviði tækni og vísinda með nýsköpun markaðsafurða að markmiði skilar góðum árangri ef slík miðstöð nýsköpunar er staðsett í sterkum tengslum við öflugt háskóla- og vísindastarf.

Vísinda- og tækniráð hefur um árábil lagt áherslu á þá möguleika til nýrrar sóknar sem felast í sameiningu opinberra rannsóknastofnana og nábyli þeirra við háskóla og þekkingarfyrirtæki. Vísinda- og tækniráð hef lagt til að hafið verði markvisst starf í þessum efnunum til að nýta betur fjármagn og mannafla og búa til þekkingarumhverfi á svæði háskólanna í Vatnsmýri sem staðið getur jafnfætis alþjóðlegri þróun í þeim efnunum.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um ofangreind verkefni er viðkomandi bent á að hafa samband við þau ráðuneyti sem bera ábyrgð á þeim.
